

4. Önnur mál.

Erindi nr. P 116 / 455

4.1 Aðild Íslands að EES.

komudagur 1 / 12 1992

Formannaráðstefna Farmanna- og fiskimannasambands Íslands haldin í Neskaupstað 11. og 12. nóvember 1992, mælir með að Alþingi staðfesti aðild Íslands að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

FFSÍ gerir sér grein fyrir því að samningurinn um EES hefur í för með sér víðtækar breytingar á fjölmörgum sviðum, sem hafa að geyma bæði kosti og galla. Augljós ávinningur er m.a. greiðari aðgangur fyrir íslenskar vörur inn á evrópumarkað, sérstaklega á þetta við um sjávarafurðir, sem bæði munu skila helm hærra skilaverði og leggja grunn að nýjum sóknarfærum í íslenskum sjávarútvegi.

FFSÍ telur þó að innan ramma EES-samningsins sé mikilvægt að tryggja eignarhald og nytjarétt náttúruauðlinda undir forræði Íslendinga. Þetta á sérstaklega við um eignarhald útgerðar og fiskvinnslu og stjórn fiskveiða.

FFSÍ telur einnig að við frágang á tvíhliða samningi milli Íslands og Evrópubandalagsins um gagnkvæmar veiðihelmdir, þurfi að gæta þess að hagsmunir Íslendinga séu tryggðir á sem bestan hátt, þ.e. að skipti á veiðiheimildum milli samningasaðila sé sanngjörn og tryggt sé strangt eftirlit með veiðum útlendinga innan íslensku fiskveiðilögsögunnar.

FFSÍ álitur að með opnun íslenska vinnumarkaðarins innan ramma EES-samningsins geti skapast ójafnvægisástand, þar sem kjörum og vinnuskilyrðum launafólks væri ógnað. Til að koma í veg fyrir slíkt ástand telur FFSÍ nauðsynlegt að eftirfarandi atriði séu tryggð á hinum íslenska vinnumarkaði:

1. Á Íslandi gildi íslenskir kjarasamningar. Undirboð kaupgjalds meðal útlendinga á íslenskum vinnumarkaði verði óheimil með setningu á viðeigandi löggjöf frá Alþingi.
2. Forgangsréttarákvæði kjarasamninga stéttarfélaganna séu virt, óháð ríkisfangi launþega í viðkomandi stéttarfélagi.